

LV-2008/077

Akbraut í Rangárþingi og forn þjóðleið í Árnesi, Rangárvallasýslu

Skýrsla um fornleifarannsókn og mælingu
vorið og sumarið 2007



Landsvirkjun

Ágúst 2008

Skýrsla LV nr: LV-2008/077

Dags: Ágúst 2008

Fjöldi síðna:

39

Upplag: 25

Dreifing: Opin Takmörkuð til

Titill:

Akbraut í Rangárþingi og forn þjóðleið í Árnesi, Rangárvallasýslu

Höfundar /
fyrirtæki

Kristján Mímisson & Bjarni F. Einarsson. Fornleifafræðistofunni

Verkefnisstjóri:

Guðlaugur Þórarinnsson

Unnið fyrir:

Landsvirkjun Power

Samvinnuaðilar:

Útdráttur:

Vegna fyrirhugaðs stöðvarhúss Holtavirkjunar við Akbraut í Holta- og Landsveit þurfti að kanna rúst nr. 23, sem stendur rétt ofan við núverandi íbúðarhús bæjarins. Áður hafði rúst áfast bænum verið könnuð, en þar reyndust ekki vera fornleifar. Rúst nr. 23 er trúlega frá 19. öld. Fornleiðin sem var GPS mæld er trúlega frá miðöldum.

Lykilorð: Holtavirkjun, Akbraut, fornleifarannsókn, fornleið, miðaldir, Árnes

ISBN nr:

ISSN nr:

Undirskrift verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Guðlaugur Þórarinnsson



Akbraut í Rangárþingi og forn þjóðleið í Árnasi, Rangárvallasýslu

Skýrsla um fornleifarannsókn og mælingu
vorið og sumarið 2007

Kristján Mímisson & Bjarni F. Einarsson



Forsíðumyndin sýnir rúst nr. 23 í Holta- og Landssveit. Í bakgrunni er Þjórsá og Vörðufell. Horft til N. (Stafrænar myndir nr. 1. Ljósm. KM).

FÖRNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Landsvirkjun

© Kristján Mímisson/Bjarni F. Einarsson

Maí 2008

Efnisyfirlit

1 Inngangur	4
-------------	---

I**Rúst 23 við Akbraut**

2 Akbraut í Rangárþingi ytra, Rangárvallasýslu	4
--	---

3 Uppgröftur á rúst 23	6
------------------------	---

4 Niðurstöður	7
---------------	---

5 Ályktun	8
-----------	---

II**Fornleið nr. 60 í Árnesi**

6 Ljósmyndir	15
--------------	----

7 Loftmynd	22
------------	----

8 Heimildir	23
-------------	----

9 Stafrænar myndir, Akbraut	24
-----------------------------	----

10 Stafrænar myndir fornleiðar 60	28
-----------------------------------	----

11 Litskyggnuskra, Akbraut	31
----------------------------	----

12 Jarðlagaskra, Akbraut	33
--------------------------	----


1 Inngangur

Að beiðni Landsvirkjunar tók Fornleifafraeðistofan að sér að grafa í rúst nr. 23 í Holta- og Landsveit, á austurbakka Þjórsár. Um hlutverk rústarinnar og aldur var ekkert vitað fyrir rannsókn. Stjórnandi rannsóknarinnar var Kristján Mímisson fornleifafraeðingur og aðstoðarmaður var Ármann Guðmundsson, fornleifafraeðingar. Uppgröfturinn fór fram dagana 15. – 17. maí. Síðar um sumarið var gengið frá rústinum að beiðni heimamanna. Reynt var að skilja við hana í sama horfi og hún var fyrir raskið. Rústin er u.þ.b. 70 m norðaustan við íbúðarhúsið á Akbraut, á grasi grónum tanga sem gegnur út í Þjórsá (sjá mynd 1). Einnig var farið þess á leit við Fornleifafraeðistofuna að hún annaðist nákvæma GPS mælingu á fornleifum nr. 60 í Holta- og Landsveit. Er það fornleið sem liggur eftir Árnesinu endilöngu, þó ekki samfelt. Er sú mæling birt í II. hluta.

II

2 Akbraut í Rangárþingi ytra, Rangárvallasýslu

Norður af þjóðvegi 26 í gegnum Landsveit liggur Hagavegur (þjóðvegur 266) í stórum boga inn að Þjórsá. Þar innst, móts við Árnesið þar sem það næstum því stíflar ána, stendur bærinn Akbraut á svokölluðum Lambakletti „sem er ás grasi vaxinn að ofan, en standberg upp frá Þjórsárkvíslinni” (Sýslu- og sóknarlýsingar, Rangárvallasýsla:184). Bæjarnafnið *Akbraut* er stytting á nafninu *Akbrautarholt* en svo kallaðist bærinn allt fram á 19. öld. Lengst af stóð bærinn nokkru vestar með Þjórsá en árið 1823 var hann færður uppá Lambaklett (sama). Hugsanlega er nafnbreytingin beintengd tilfærslu bæjarins en Akbrautarnafnið birtist fyrst í manntali árið 1845 (Manntal á Íslandi 1845:184).



Mynd 1. Staðsetning rústarinnar á tanganum við Bjórsá. Sjá má staðsetningu fleiri fornleifa, en þær voru annaðhvort utan við áhrifasvæðið eða ekki talin þörf á að rannsaka þær frekar. Loftmynd: Verkfræðistofan Hnit 2001. Viðbætur BFE (Úr: Bjarni F. Einarsson 2001).

Í Akbrautarholti stóð kirkja á miðöldum og voru rústir hennar og kirkjugarður friðlýstar af Matthíasi Þórðarsyni, þáverandi þjóðminjaverði, árið 1927 (sbr. Fornleifaskrá). Akbrautarholts er fyrst getið í máldaga Nikuláskirkju í Odda frá árinu 1270 (Íslenskt fornbréfasafn II:87) en kirkjan sú mun hafa átt gamlan gelding í Akbrautarholti. Árið 1480 og 1548 er enn getið um gamlan gelding í

Akbrautarholti í máldögum Nikuláskirkju í Odda (Íslenskt fornbréfasafn IV:71; VI:324).

Í fornleifaskrá var rústinni lýst á eftirfarandi hátt:

Rúst.

6 m í þvermál og 0,5 m há. Veggir úr torfi (og grjóti?), en breidd þeirra ekki greinanleg. Rústin er vel gróin. Ca. 1,5 m A af rústinni er stutt garðsbrot, ca. 4 m langt, 1 m breitt og 0,3 m hátt. (Fornleifaskrá, Holta- og Landsveit nr. 23).



Mynd 2. Rústin eins og hún leit út við skráningu 2001. Sjá einnig forsíðu. Horft mót A. Ljósm. BFE

Að kröfu Fornleifaverndar ríkisins var grafið í rústina, en ekki þótti ástæða til að kanna garðsbrotið stutta.

3 Uppgröftur á rúst 23

Aðdragandi, markmið, verklag

Í NNA af bæjarhúsum Akbrautar, u.þ.b. 150 m upp hlíð Lambaklettsins var svo til hringlaga rúst skráð (sjá skráningarskýrslu; rúst 23).

Rústin er um 6 m í þvermál og í henni miðri má sjá móta fyrir svolítilli lögð. Dagana 15. – 17.

maí 2007 grófu Kristján Mímisson og Ármann Guðmundsson, starfsmenn Fornleifafræðistofunnar, fjögurra fermetra könnunarholu í rúst 23 samkvæmt beiðni Fornleifaverndar ríkisins. Markmið



Mynd 3. Rústin að birtast í uppgreftinum. Torfveggurinn var hægra megin við grjótið. Upp vísar til NNA. (Stafrænar myndir nr. 4. Ljósm. KM).

rannsóknarinnar var að aldursgreina rústina og reyna að komast fyrir um það hværrar gerðar hún er og hvaða hlutverki hún hafi gegnt. Holan var staðsett í suðaustur horni rústarinnar með það fyrir augum að kanna mætti bæði veggjargerð og möguleg góflög inni í rústinni. Bæði stefna holunnar og hnitakerfi rannsóknarinnar voru látin fylgja



Mynd 4. Hér er komið aðeins neðar í jarðlögin og grjóttvegginn í rústinni og sjá má kindabein á gólfi rústarinnar. Horft mót SSV. (Stafrænar myndir nr. 10. Ljósm. KM).

yfirborðsmynd rústarinnar (sjá mynd 1). Afstæð hæð var ákvörðuð 100 m.y.s. á steinhellu vestan rústarinnar.

Allur uppgröftur fór fram í höndunum og var holan grafin í plani niður fyrir mannvist. Þrjár teikningar voru gerðar af plani holunnar og í lok uppgrafarins var vestursnið teiknað í heild sinni. Verkið var ljósmyndað á öllum stigum og skrásett í gagnagrunnskerfi Fornleifafræðistofunnar (sjá skrár).

4 Niðurstöður

Rétt undir grassverði kom í ljós hreyft, torfkennt lag sem túlkað var sem yfirborðsrask, blandað þaktorfi hússins. Í þessu yfirborðslagi fannst jafnframt eini gripurinn við rannsóknina, en það var blámálað hvítleirsbrot. Undir hreyfða yfirborðslaginu var komið niður á grágrýtishnullunga sem mynduðu beina línu í stefnuna VSV – ANA (sjá mynd 2). Nánast yst í NA-horni uppgraftarsvæðisins virtist þessi hleðsla mynda u.þ.b. 90° horn. Grjóthleðslan var tveggja laga og austan hennar


sáust skýr merki torfs – s.s. veggjar – en vestan við hana (þ.e. innan húss) var augljóslega hreyfður jarðvegur, þ.e. fylling í rústinni. Fyllingin í rústinni var blanda af fínum, ljósbrúnum fokjarðvegi (lag 2; sjá sniðteikningu) og dekkri hreyfðum jarðvegi með tætingslegum torfslettum sem hugsanlega hafa átt uppruna sinn í þaki og veggjum hússins (lag 3; sjá sniðteikningu). Í lagi 3 fannst nokkuð af mannvistarleifum, aðallega bein og örlítið magn viðarkola. Þar fundust jafnframt nokkrir hleðslusteinir sem túlkaðir voru sem hrun úr N-vegg hússins. Undir þessu hruni var komið niður á steinhellur sem lágu í nokkuð dökku og þéttu lagi (lag 4) sem túlkað var sem niðurtroðin gólfskán. Í meintu gólfskáninni fundust þó engar mannvistarminjar, svo sem gripir, viðarkol eða brennd bein. Það leiðir að því nokkuð sterkum líkum að í húsinu hafi ekki verið eldstæði.

Engar frekari minjar komu í ljós undir meintri gólfskán. Jarðlög þar undir eru öll óhreyfð (sjá sniðteikningu). Í V-sniði voru þónokkur gjóskulög áberandi undir rústinni en yfir henni sáust engin gjóskulög í sniði. Þrjú gjóskulaganna (lög 6, 8, og 10; sjá sniðteikningu) voru sérstaklega áhugaverð þar sem hér er sennilegast um gjóskulagaseríu úr Heklu og Kötlu að ræða frá 18. öld (þ.e. H-1693, K-1721 og H-1766) sem Sigurður Þórarinsson (1949) greindi og er almennt vel þekkt á Suðurlandi.


5 Ályktun

Rúst 23 í landi Akbrautar mun að öllum líkindum hafa verið útihús fyrir búpening, hugsanlega lambhús, beitarhús eða hrútakofi. Rústin er nokkuð augljóslega frá síðari öldum, þ.e. frá því eftir að bærinn var fluttur árið 1823 frá bæjarstæði gamla Akbrautholts upp á Lambaklettinn þar sem


hann stendur enn, enda liggur rústin yfir gjóskulögum úr Heklu og Kötlu frá 18. öld. Engar vísbendingar fundust um eldri mannvist undir rústinni.




Mynd 1 Yfirborðsteikning af rúst 23. Staðsetning prufuholunnar er færð inn og rauða strikalínan merkir meinta stærð og stefnu mannvirkisins (teikn. ÁG, KM).




Mynd 2 Plan 1. Veggjarhleðsla kemur í ljós í hreyfðu yfirborðslagi (teikn. ÁG, KM)



Mynd 3 Plan 2. Fylling í rúst 23 (lag 2 og 3; teikn. ÁG, KM).



Mynd 4 Plan 3. Gólfskán í rúst 23 (lag 4; teikn. ÁG og KM).



Mynd 5 V-snið uppgraftarsvæðisins (skýringar: sjá jarðlagaskrá; teikn. ÁG, KM).

II

6 Fornleið 60 í Árnasi, Holta- og Landsveit

Að kröfu Fornleifaverndar ríkisins var leiðin nákvæmlega mæld inn með GPS tæki og leiðin teiknuð inn á loftmynd. Notast var við Isn 93 staðal. Leiðin var mæld inn í tveimur áföngum og var sá fyrri mældur þann 20. ágúst síðastliðinn og sá síðari þann 23. sama mánaðar.

Leiðin dreifir úr sér einstaka sinnum og þá má sjá nokkrar reiðgötur hlið við hlið eins og títt er um fornleiðir. Í mælingunni var reynt að fylgja þeirri leið sem greinilegust var og gat talist elst. Byrjað var þar sem hún kemur upp á gróið barð austast í Árnasinu og henni fylgt yfir vel gróið svæði til vesturs, eða þar til komið er að öðru barði og uppblástur tók við. Þá var ekki hægt að fylgja henni lengra, eða þar til komið er á annað gróið svæði vestast í Árnasinu. Þá var henni fylgt alla leið í Þjórsánnu, nyrðri kvíslina.

Handan árbakkans fannst framhald leiðarinnar til vesturs (til Skálholts?). Leið þessi er ein fegursta fornleiðin í sveitinni. Hún hefur líklega lagst af mjög snemma, eða þegar þinghald lagðist af við Þingholtið og á Árnasþingi.

Ekki er ólíklegt að Holtavað hið forna hafi verið við þessa leið (sjá Brynjúlf Jónsson 1896, bls. 30 – 31).

Ljósmyndir (úrval).



Vesturendi fornleiðarinnar þar sem hún endar við Þjórsá. Í bakgrunni er Sandlækjarkot. Horft mót NA. (Stafrænar myndir nr. 1. Ljós. BFE).



Mynin er tekin á sama stað og sú á undan, þó með 180° snúningi. (Stafrænar myndir nr. 2. Ljós. BFE).



Á þessari mynd er leiðin býsna ógreinileg, en örugg þó. Þetta er við vesturhluta hennar. Horft mót SV. Stafrænar myndir nr. 3. Ljós. BFE.



Hér er leiðin greinileg. Horft mót SV. Stafrænar myndir nr. 4. Ljós. BFE.



Aftur verður leiðin ógreinileg. Horft mót SV. Stafrænar myndir nr. 5. Ljós. BFE.



Enn verður hún greinileg. Sjá má tvær manneskjur ganga eftir leiðinni. Horft mót SV. Stafrænar myndir nr. 6. Ljós. BFE.



Hér er leiðin næstum komin á leiðarenda þar sem hún hverfur svo í sandauðn. Við erum enn vestast á Árnesinu, á svokölluðum Árnessporða. Horft mót SV. Stafrænar myndir nr. 7. Ljós. BFE.



Hér hverfur leiðin í landrof. Sjá má suðurkvísl Þjórsár t.h. á myndinni. Horft mót SV. Stafrænar myndir nr. 8. Ljós. BFE.



Hér má sjá austasta hluta leiðarinnar, en myndin er tekin við rofabarð þar sem hún birtist. Á bak við gæti hið fornfræga Holtavað hafa verið yfir ána, rétt hjá Þingbúðunum við Þingholtið. Í bakgrunni er Vörðufell. Horft mót V. Stafrænar myndir nr. 9. Ljós. BFE.



Hér er leiðin afar falleg og heil. Horft er mót V. Stafrænar myndir nr. 11. Ljós. BFE.



Hér má sjá nokkrar reiðgötur hlið við hlið. Í bakgrunni má sjá Gálgaklett t.h. á myndinni. Horft mót V. Stafrænar myndir nr. 16. Ljósm. BFE.



Að endingu má sjá hér þar sem leiðin fer niður af grónu yfirborði út í blásið holt. Gálgaklettur t.h. á myndinni og Vörðufellið t.v. Horft mót V. Stafrænar myndir nr. 18. Ljósm. BFE.


7 Loftmynd





Loftmynd af Árnasi í Þjórsá. Sjá má greinilega þar sem landeyðing hefur farið hart fram í nesinu og eytt öllum ummerkjum um fornleiðina. Holtavað hefur trúlega verið rétt utan við myndina t.h., eða í framhaldi af leiðinni þar sem hún hefur legið til austurs. Rekja má leiðina áfram til norðurs handan árinna. Sú leið gæti legið til Skálholts.


8 Heimildir:


- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Fyrsta bindi. Kaupmannahöfn 1913-1917.
- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Holtavirkjunar.* 1. hluti. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2001.
- Brynúlfur Jónsson. „Um nokkur vafasöm atriði í Íslendingasögum.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1896.* Reykjavík 1896.
- Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd, Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík 1990.
- Íslenskt fornbréfasafn. Annað bindi.* Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn 1888.
- Íslenskt fornbréfasafn. Fjórða bindi.* Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn 1897.
- Íslenskt fornbréfasafn. Sjötta bindi.* Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn 1900 – 1904.
- Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið. Reykjavík 1982.
- Ný jarðabók fyrir Ísland.* Kaupmannahöfn (1861?).
- Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839 – 1845, 1856 og 1872 –1873.* Rangæingafélagið í Reykjavík 1968.
- Sigurður Þórarinnsson, „Örlög byggðarinnar á Hrunamannaafretti“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943 – 48.* Reykjavík 1949.


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 		
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 15.5.2007	<i>Mót</i> N		<i>Mynd nr.</i> 1
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Rúst 23 fyrir rannsókn.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 		
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 15.5.2007	<i>Mót</i> N		<i>Mynd nr.</i> 2
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Rúst 23 fyrir rannsókn.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 		
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 15.5.2007	<i>Mót</i> NNA		<i>Mynd nr.</i> 3
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Rúst 23 eftir fyrstu hreinsun.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 		
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 15.5.2007	<i>Mót</i> NNA		<i>Mynd nr.</i> 4
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Rúst 23 eftir aðra hreinsun.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 		
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 15.5.2007	<i>Mót</i> A		<i>Mynd nr.</i> 5
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Rúst 23 eftir aðra hreinsun.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 		
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 16.5.2007	<i>Mót</i> SSV		<i>Mynd nr.</i> 6
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Rúst 23 eftir þriðju hreinsun.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 		
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 16.5.2007	<i>Mót</i> SSV		<i>Mynd nr.</i> 7
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Rúst 23 eftir þriðju hreinsun.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 		
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 16.5.2007	<i>Mót</i> NNA		<i>Mynd nr.</i> 8
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Ármann Guðmundsson að störfum.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 		
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 16.5.2007	<i>Mót</i> NNA		<i>Mynd nr.</i> 9
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Ármann Guðmundsson að störfum.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 		
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 16.5.2007	<i>Mót</i> SSV		<i>Mynd nr.</i> 10
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Veggir kommir vel í ljós og kindabein á gólfi.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 		
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 16.5.2007	<i>Mót</i> NNA		<i>Mynd nr.</i> 11
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Veggir kommir vel í ljós.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 		
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 16.5.2007	<i>Mót</i> SSV		<i>Mynd nr.</i> 12
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Veggir kommir vel í ljós.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 17.5.2007	<i>Mót</i> SSV		<i>Mynd nr.</i> 13
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Veggir komnir vel í ljós.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 17.5.2007	<i>Mót</i> NNA		<i>Mynd nr.</i> 14
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Veggir komnir vel í ljós. Gólfhellur t.v., efst.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				

<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 17.5.2007	<i>Mót</i> NNA		<i>Mynd nr.</i> 15
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Veggur fjarlægður. Gólfhellur í horni t.v.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 17.5.2007	<i>Mót</i> SSV		<i>Mynd nr.</i> 16
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Undir húsinu.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				

<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 17.5.2007	<i>Mót</i> V		<i>Mynd nr.</i> 17
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Vestur snið.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 17.5.2007	<i>Mót</i> V		<i>Mynd nr.</i> 18
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Vestur snið.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				

<i>Staður</i> Akbraut	<i>Sveitarfélag</i> Holta- og Landsveit	<i>Tákntala</i> 		
<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Dags</i> 17.5.2007	<i>Mót</i> V		<i>Mynd nr.</i> 19
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 9600	<i>Myndefni</i> Gjóskur. Hugsanlega LL lagið neðst.			
<i>Ljósmyndari</i> Kristján Mímisson				


<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Árnes	Skeiðahreppur	-	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.8.2007	NA	1
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix S700	Vesturendi fornleiðarinnar þar sem hún endar við Þjórsá. Í bakgrunni er Sandlækjarkot.		
<i>Ljósmyndari</i>	Bjarni F. Einarsson		




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Árnes	Skeiðahreppur	-	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.8.2007	SV	2
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix S700	Myndin er tekin á sama stað og mynd 1, með 180 gráða snúning.		
<i>Ljósmyndari</i>	Bjarni F. Einarsson		




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Árnes	Skeiðahreppur	-	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.8.2007	SV	3
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix S700	Hér er leiðin býsna ógreinileg, en örugg þó. Vesturhluti leiðarinnar.		
<i>Ljósmyndari</i>	Bjarni F. Einarsson		




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Árnes	Skeiðahreppur	-	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.8.2007	SV	4
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix S700	Hér er leiðin greinileg. Vesturhluti leiðarinnar.		
<i>Ljósmyndari</i>	Bjarni F. Einarsson		




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Árnes	Skeiðahreppur	-	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.8.2007	SV	5
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix S700	Vesturhluti leiðarinnar.		
<i>Ljósmyndari</i>	Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Árnes	Skeiðahreppur	-	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.8.2007	SV	6
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix S700	Hér eru dálítill vegamót þar sem leiðin hefur skipt sér í tvær leiðir. Vesturhluti leiðarinnar.		
<i>Ljósmyndari</i>	Bjarni F. Einarsson		




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Árnes	Skeiðahreppur	-	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.8.2007	SV	7
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix S700	Vesturhluti leiðarinnar.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




Mynd

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Árnes	Skeiðahreppur	-	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.8.2007	SV	8
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix S700	Hér endar leiðin á þessum kafla við gróið rofabarð sunnan í Árnesinu.		
<i>Ljósmyndari</i>	Vesturhluti leiðarinnar.		
Bjarni F. Einarsson			




Mynd

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Árnes	Skeiðahreppur	-	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	20.8.2007	V	9
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Panasonic Lumix DMC-FX9	Austasti endi fornleiðarinnar þar sem hún kemur upp á gróið barð.		
<i>Ljósmyndari</i>	Austurhluti leiðarinnar.		
Bjarni F. Einarsson			




Mynd

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Árnes	Skeiðahreppur	-	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	20.8.2007	V	10
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Panasonic Lumix DMC-FX9	Austurhluti leiðarinnar. Mjög greinilegur.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




Mynd

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Árnes	Skeiðahreppur	-	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	20.8.2007	V	11
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Panasonic Lumix DMC-FX9	Austurhluti leiðarinnar. Mjög greinilegur.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			





Mynd


<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Árnes	Skeiðahreppur	-	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	20.8.2007	V	12
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Panasonic Lumix DMC-FX9	Austurhluti leiðarinnar. Mjög greinilegur.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			





Mynd


<i>Staður</i> Árnes	<i>Sveitarfélag</i> Skeiðahreppur	<i>Tákntala</i> -	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Árnessýsla	<i>Dags</i> 20.8.2007	<i>Mót</i> V		<i>Mynd nr.</i> 13
<i>Myndavél</i> Panasonic Lumix DMC-FX9	<i>Myndefni</i> Austurhluti leiðarinnar. Mjög greinilegur.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Árnes	<i>Sveitarfélag</i> Skeiðahreppur	<i>Tákntala</i> -	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Árnessýsla	<i>Dags</i> 20.8.2007	<i>Mót</i> V		<i>Mynd nr.</i> 14
<i>Myndavél</i> Panasonic Lumix DMC-FX9	<i>Myndefni</i> Austurhluti leiðarinnar.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Árnes	<i>Sveitarfélag</i> Skeiðahreppur	<i>Tákntala</i> -	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Árnessýsla	<i>Dags</i> 20.8.2007	<i>Mót</i> V		<i>Mynd nr.</i> 15
<i>Myndavél</i> Panasonic Lumix DMC-FX9	<i>Myndefni</i> Austurhluti leiðarinnar. Mjög greinilegur.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Árnes	<i>Sveitarfélag</i> Skeiðahreppur	<i>Tákntala</i> -	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Árnessýsla	<i>Dags</i> 20.8.2007	<i>Mót</i> V		<i>Mynd nr.</i> 16
<i>Myndavél</i> Panasonic Lumix DMC-FX9	<i>Myndefni</i> Austurhluti leiðarinnar. Mjög greinilegur.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Árnes	<i>Sveitarfélag</i> Skeiðahreppur	<i>Tákntala</i> -	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Árnessýsla	<i>Dags</i> 20.8.2007	<i>Mót</i> V		<i>Mynd nr.</i> 17
<i>Myndavél</i> Panasonic Lumix DMC-FX9	<i>Myndefni</i> Austurhluti leiðarinnar. Mjög greinilegur.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Árnes	<i>Sveitarfélag</i> Skeiðahreppur	<i>Tákntala</i> -	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Árnessýsla	<i>Dags</i> 20.8.2007	<i>Mót</i> V		<i>Mynd nr.</i> 18
<i>Myndavél</i> Panasonic Lumix DMC-FX9	<i>Myndefni</i> Austurhluti leiðarinnar. Mjög greinilegur. Hér endar þessi hluti leiðarinnar við rofabarð.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	1	15.5.2007	NV	Rúst 23, yfirlitsmynd fyrir uppgröft.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	2	15.5.2007	NA	Rúst 23, yfirlitsmynd fyrir uppgröft.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	3	15.5.2007	NNA	Plan 0.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	4	16.5.2007	NNA	Plan 1, efsti hluti veggjar.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	5	16.5.2007	NA	Plan 1, efsti hluti veggjar.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	6	16.5.2007	SSV	Yfirlitsmynd yfir holuna.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	7	16.5.2007	SSV	Yfirlitsmynd yfir holuna (með mælistiku).
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	8	16.5.2007	SSV	Plan 2. Veggir komnir vel í ljós og kindabein á gólfi.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	9	17.5.2007	NNA	Plan 3, gólfskán.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	10	17.5.2007	SSV	Plan 3, gólfskán.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	11	17.5.2007	SSV	Plan 3, gólfskán sbr. viðbótarteikning. Gólfhellur? Veggir komnir vel í ljós. Gólfhellur t.v., efst.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	12	17.5.2007	NNA	Plan 3, gólfskán sbr. viðbótarteikning. Gólfhellur? Veggir komnir vel í ljós. Gólfhellur t.v., efst.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	13	17.5.2007	NNA	Holan tæmd.

<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Myndefni</i>
1	14	17.5.2007	SSV	Holan tæmd.

<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Myndefni</i>
1	15	17.5.2007	v	Þversnið í V-bakka uppgraftarsvæðis.


<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Myndefni</i>
1	16	17.5.2007	v	Þversnið í V-bakka uppgraftarsvæðis.


<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Myndefni</i>
1	17	17.5.2007	v	Gjóskur. Hugsanlega LL lagið neðst.


Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
1	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri		Yfir jarðlaganúmeri 2, 3	
Yfirborðslag		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
<p>Lýsing</p> <p>Hreyft yfirborðslag sem samanstendur úr fokjarðvegi og torfslettum - sennilegast úr þaki rústar 23.</p>		Matrix-flæðirit		Sniðteikning	


Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
2	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 1		Yfir jarðlaganúmeri 5	
Fokjarðvegur		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
<p>Lýsing</p> <p>Ljósbrúnn, óhreyfður fokjarðvegur</p>		Matrix-flæðirit		Sniðteikning	


Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
3	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 1		Yfir jarðlaganúmeri 4	
Fylling		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
<p>Lýsing</p> <p>Dökkt, hreyft lag með tætingslegum torfslettum. Hefur verið mokað inn í rúst 23. Í þessu lagi fundust morkin dýrabein og steinar úr veggjarhruni.</p>		Matrix-flæðirit		Sniðteikning	


Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
4	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags Gólfskán		Undir jarðlaganúmeri 3 Númer í Harris Matrix		Yfir jarðlaganúmeri 5 Á sniðteikningu V-snið	
<p>Lýsing</p> <p>Dökk, hörð gólfskán en þó án nokkurra vísbendinga um mannvist, þ.e. viðarkol, brennd bein o.s.frv. Lagið virðist vera þétt-trampað yfirborð og í því hafa verið lagðar hellur (gólfhellur?).</p>		Matrix-flæðirit		<p>Sniðteikning</p> 	

Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
5	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags Fokjarðvegur		Undir jarðlaganúmeri 2,4 Númer í Harris Matrix		Yfir jarðlaganúmeri 6 Á sniðteikningu V-snið	
<p>Lýsing</p> <p>Ljós fokjarðvegur, blandaður gjóskuslettum (sennilega úr lagi 6) - þ.a.l. hugsanlega hreyft.</p>		Matrix-flæðirit		<p>Sniðteikning</p> 	

Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
6	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags Gjóska		Undir jarðlaganúmeri 5 Númer í Harris Matrix		Yfir jarðlaganúmeri 7 Á sniðteikningu V-snið	
<p>Lýsing</p> <p>Svart finkornótt, ca. 2 - 3 sm þykkt gjóskulag. Hugsanlega úr H-1766</p>		Matrix-flæðirit		<p>Sniðteikning</p> 	

Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
7	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 6		Yfir jarðlaganúmeri 8	
Fokjarðvegur		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
<p>Lýsing</p> <p>Brúnn, leirkenndur fokjarðvegur. Í honum sjást örtiltar gjóskuslitur.</p>		<p>Matrix-flæðirit</p>		<p>Sniðteikning</p> 	

Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
8	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 7		Yfir jarðlaganúmeri 9	
Gjóska		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
<p>Lýsing</p> <p>Svart, fínkornótt gjóskulag - max. 2 sm þykkt. Sennilega K-1721.</p>		<p>Matrix-flæðirit</p>		<p>Sniðteikning</p> 	


Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
9	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 8		Yfir jarðlaganúmeri 10	
Fokjarðvegur		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
<p>Lýsing</p> <p>Brúnn, leirkenndur fokjarðvegur. Í honum sjást örtiltar gjóskuslitur.</p>		<p>Matrix-flæðirit</p>		<p>Sniðteikning</p> 	

Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
10	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 9		Yfir jarðlaganúmeri 11	
Gjóska		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
Lýsing		Matrix-flæðirit		Sniðteikning	
Örþunnt, grásvart gjóskulag. Hugsanlega H -1693?					


Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
11	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 10		Yfir jarðlaganúmeri 12	
Fokjarðvegur		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
Lýsing		Matrix-flæðirit		Sniðteikning	
Rauðbrúnn, leirkenndur fokjarðvegur - örlítið litaður af gjósku.					

Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
12	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 11		Yfir jarðlaganúmeri 13	
Gjóska		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
Lýsing		Matrix-flæðirit		Sniðteikning	
Ljóst og grófkornótt gjóskulag. Sennilega H -1104.					


Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
13	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 12		Yfir jarðlaganúmeri 14	
Fokjarðvegur		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
Lýsing Fokjarðvegur		Matrix-flæðirit		Sniðteikning	



Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
14	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 13		Yfir jarðlaganúmeri 15	
Gjóska		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
Lýsing Þunnt, svart, grófkornótt gjóskulag.		Matrix-flæðirit		Sniðteikning	



Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
15	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 14		Yfir jarðlaganúmeri 16	
Fokjarðvegur		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
Lýsing Ljós-, rauðbrunn fokjarðvegur.		Matrix-flæðirit		Sniðteikning	



Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
16	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 15		Yfir jarðlaganúmeri 17	
Gjóska		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
Lýsing		Matrix-flæðirit		Sniðteikning	
Svart, sendið gjóskulag.					

Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
17	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 16		Yfir jarðlaganúmeri 18	
Fokjarðvegur		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
Lýsing		Matrix-flæðirit		Sniðteikning	
Gulur, leirkenndur fokjarðvegur.					

Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
18	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
Gerð jarðlags		Undir jarðlaganúmeri 17		Yfir jarðlaganúmeri 19	
Gjóska		Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
Lýsing		Matrix-flæðirit		Sniðteikning	
Tvílit - ljós/grængráleit - gjóska. Landnámslagið					

Númer	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Dags
19	Akbraut	Rangárþing ytra	8614	Rangárvallasýsla	17.5.2007
	Gerð jarðlags	Undir jarðlaganúmeri 18		Yfir jarðlaganúmeri -	
	Fokjarðvegur	Númer í Harris Matrix		Á sniðteikningu V-snið	
Lýsing	Matrix-flæðirit		Sniðteikning		
Gulur, leirkenndur fokjarðvegur.			<p>Akbraut í Holtum Rúst 23, V-snið Ág. 804, 17.5.2007</p>		

